

byggingarbréfunum hafi ekki næga heimild inni að halda, til þess að banna leiguliðunum að gjöra sér fuglatekjuna eins arðsama, og auðið er, og að það því, að yðar hyggju, mundi verða árangurslaust, að banna leiguleiðunum að veiða fuglinn í netum, og láta það varða útbyggingu. Aptur á móti álitid þer, að hinu sama mundi mega koma til leiðar með samningum, því að það megí gjöra ráð fyrir eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, að allir reglusamir og duglegir leiguliðar sé fúsir á að ganga undir þessa einskorðun í tilliti til lundatekjunnar, og hinir óduglegari leiguliðarnir, sem kynnu að vilja standa á móti slíkri einskorðun, rjúfi jafnaðarlega á hverju ári byggingarskilmálana svo mjög, að það mætti byggja þeim út.

Útaf þessu eruð þer, herra stiptamtmaður, samkvæmt til-  
lögum yðar beðnir, að einu leytinu að sjá svo um, að í öll bygg-  
ingarbréf leiguliðanna á konungsjörðunum á Vestmannaeyjum  
verði framvegis tekin ákvörðun um, að fuglatekja með netum sé  
með öllu bönnuð, og að hver, sem útaf því bregður, bæði hafi  
fyrirgjört byggingarrétti sínum og sé skyldur að endurgjalda  
skada þann, er jörðin hafi orðið fyrir útaf því, eptir álitu óvil-  
hallra manna, og að hinu leytinu að leggja á við hlutadeigandi  
umboðsmann, að reyna að koma því til leiðar við leiguliðana,  
sem nú eru, með samkomulagi, að viðauka-ákvörðun sama efnis  
verði bætt inn í byggingarbréf þeirra.

1869.  
12. maí.

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja skoðunargjörð og nýtt mat á klaustrajörðum og Flögujörðum í Vestur-Skaptafells-sýslu.**

12. maí.

Með bréfi dagsettu 4. septembermán. f. á. hafið þer, herra stiptamtmaður, sent hingað í útlekkingu bænarskrá, er komið hafði til alþingis árið 1867, og konungsfulltrúi samkvæmt ályktun alþingis hafði sent stiptamtinu til frekari ráðstafana. Í bænarskrá þessari fara 113 bændur í Vestur-Skaptafellssýslu þess á

1869.  
12. maí.

leit, að á opinberan kostnað verði höfð ný skoðunargjörð á öllum klaustrajörðum og Flögujörðum í tæðri sýslu, og að settur verði nýr dýrleiki á þær samkvæmt skoðunargjörðinni, sem og að landamerki jarðanna verði nákvæmlega ákveðin, svo að sem allra-fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjöldum jarðanna og gjaldmátanum. Einnig hafid þær sent hingað álitsskjal um tæða bænarskrá, er þær hafid fengið frá umboðsmanninum yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri og Flögujörðum.

Með því að álitsskjal umboðsmannsins og athugasemdir þær, er þær, herra stiptamtmaður, hafid gjört um það, bera með sér, að það fer svo fjærri, að afgjöld þau, sem áskilin eru af jörðum þessum, þegar þær eru byggðar, sé of há, að þær þvert á móti eru byggðar að öllum jafnaði með betri kjörum en samsvarandi bændaiegnir, og að ekki er heldur neinn óvanalegur misjöfnuður á afgjöldunum af jörðunum þegar þau eru borin saman, hlýtur stjórnarráðið, er það hefir skrifazt á við reikningastjórnardeildina um málefni þetta, að vera yður samdóma um, að ekki sé nægar ástæður til að láta slíka skoðunargjörð á jörðum þessum og breytingu á afgjöldunum samkvæmt henni fara fram, sem stungið er uppá í bænarskránni, og eins verður stjórnarráðið að álíta, að það mundi vera alveg tilgangslaust að fara að ákveða landamerki milli jarðanna, eins og beðið er um — sem vitaskuld er, að ekki hefði neitt lagalegt gildi — því að það mundi fara svo fjærri, að slík ráðstöfun girti fyrir allan vafa og þrætur, að hún einmitt mundi verða þeirra olandi.

Jafnframt og yður er gefið þetta til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þær kunngjörð þad, eruð þær beðnir — útaf því, að þess er getið í ofan nefndu bræfi yðar, að einhver helzta orsökkin til þess, að margir af leiguliðunum á jörðum þessum eru svo fátækir, sé sú, að það sé búið smátt og smátt að skipta jörðunum í smábýli svo ótilheyrilega, að það sé ómögulegt fyrir margan bónda að fæða heimili á þeim jarðarparti, sem hann hefir til ábúðar — að sjá um, að jörðum ríkisins verði ekki skipt svona skaðsamlega í sundur framvegis.